REGLUR

varðandi samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu vátryggingafélaga.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra vátryggingafélaga og starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

2. gr.
Samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Samkvæmt 96. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, skal gjaldþolskrafa annaðhvort reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani í samræmi við XVI. kafla laganna. Til að tryggja samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu vátryggingafélaga gefur Seðlabankinn út reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum Evrópsku vátrygginga- og lífeyriseftirlitsstofnunarinnar (EIOPA).

3. gr.
Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 18-19.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2016 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfavísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 91-93.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2017 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðlöguðu stuðlana til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir gjaldmiðlaáhættu vegna gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 94-95.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800 frá 11. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 41. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 425-432.

5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2018 frá 21. september 2018, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15 frá 4. mars 2021, bls. 27. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 8. nóvember 2018, bls. 161-168.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/744 frá 4. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2021 frá 5. febrúar 2021, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 3 frá 11. janúar 2024, bls. 87. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 71 frá 11. nóvember 2021, bls. 529-535.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2006 frá 16. nóvember 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 92. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 45 frá 15. júní 2023, bls. 1-9.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1820 frá 1. júlí 2024 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 að því er varðar vörpunartöflur sem tilgreina nánar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2024 frá 6. desember 2024 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 25 frá 24. apríl 2025, bls. 69. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 313-320.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/911 frá 27. apríl 2026 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 að því er varðar uppfærslu á skrám yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2026 frá 25. september. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr. 101. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur varðandi samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu vátryggingafélaga, nr. 497/2025.

Seðlabanka Íslands 29. október 2026.

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/911

frá 27. apríl 2026

um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 að því er varðar uppfærslu á skrám yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 ([2]) er kveðið á um skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB.

2) Framkvæmdastjórnin telur að tvær tegundir héraðsstjórna og staðaryfirvalda til viðbótar frá Frakklandi sem og tvær nýjar tegundir héraðsstjórna og staðaryfirvalda frá Lettlandi uppfylli skilyrði fyrir flokkun sem héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem sett eru fram í 85. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([3]). Bæta ætti þessum nýju tegundum og viðbótartegundum héraðsstjórna og staðaryfirvalda á skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 til að tryggja að þær séu ávallt uppfærðar og fara megi með áhættuskuldbindingar gagnvart þessum héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB.

3) Í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Evrópusambandinu ætti að fjarlægja héraðsstjórnir Bretlands af skránum yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011 til samræmis við það.

5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([4]).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/138/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/2011/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2015/35/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1094/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011

Ákvæðum 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) í Frakklandi: „région“, „département“, „commune“, „collectivité à statut particulier“ eða „établissement public de coopération intercommunale à fiscalité propre“,“

b) Eftirfarandi 6. lið a er bætt við:

„6a) í Lettlandi: „valstspilsētas pašvaldība“ eða „novada pašvaldība“,“

c) Liður 15 fellur brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
